LEB
Landssamband
eldri borgara

# VIÐ BÍÐUM *ekki lengur!*

# LANDSFUNDUR LEB | 2023

BORGARNES | 9. MAê 2023



## Landsfundur LEB 9. maí 2023 Hjálmakletti Borganesi

# Dagskrá

**09.30 Afhending fundargagna og skráning**

**10:15 Velkomin!**
*Guðrún Kristjánsdóttir formaður Félags eldri borgara í Borgarnesi.*

**Setning landsfundar**
*Helgi Pétursson formaður LEB*

**10:25 Hugvekja**
*Sigrún Huld Þorgrímsdóttir*

**10:45 Niðurstaða kjörbréfanefndar** – *skrifstofustjóri LEB*
**Kosning starfsmanna fundarins** – *formaður LEB*
a) Kosning tveggja fundarstjóra
b) Kosning tveggja fundarritara

**Skýrsla stjórnar** – *formaður LEB*
*- Umræða um skýrslu stjórnar*

**Ársreikningur yfirfarinn** – *gjaldkeri LEB*
*- Umræða um ársreikning og hann afgreiddur*

**Lögð fram drög að fjárhagsáætlun** – *gjaldkeri LEB*

**Tillaga um árgjald** – *gjaldkeri LEB*
- *Afgreiðsla tillögu um árgjald*

**Kynntar stjórnarályktanir, tillögur og aðsendar ályktanir og tillögur**

**Kynning málefnanefnda landsfundarins**
- Kjaranefnd – *Þorbjörn Guðmundsson*
- Laganefnd – *Drífa Sigfúsdóttir*

**12:15 - 13.00 Hádegisverður**

# Dagskrá frh.

**13:00 Starf málefnahópa**
- Kjaramál – *stjórnandi Þorbjörn Guðmundsson*
- Lagabreytingar – *stjórnandi Drífa Sigfúsdóttir*

**14.00 Afgreiðsla mála, tillagna og ályktana**

**14.15 Lagabreytingar**

**14.45 Kosningar**
a) kosning formanns til 2ja ára
b) kosning 2ja aðalmanna í stjórn til 2ja ára
c) kosning 3ja varamanna í stjórn til 1 árs
d) kosning 2ja skoðunarmanna ársreiknings LEB og 2ja til vara

**15:00 Kaffihlé**

**15:30 Öldungaráð**
María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga

**15.50 Gott að eldast**
Berglind Magnúsdóttir verkefnastjóri Gott að eldast

**16.15 Önnur mál**

**16.40 Fundi slitið**

---

## Eftir Landsfund – Valfrjálst:

**Kl. 17.00** Landsfundarfulltrúum og öðrum gestum gefst kostur á skemmtilegri og léttri gönguferð um áhugaverða staði í Borgarnesi í fylgd margfróðs sögumanns með viðkomu í Byggðasafni Borgarness þar sem safnstjórinn leiðir fólk um safnið.

**Kl. 19.15** Fordrykkur og snittur í boði sveitarstjórnar Borgarbyggðar í Hjálmakletti, ávarp flytur Stefán Broddi Guðjónsson sveitarstjóri, síðan er gengið til kvöldverðar.

**Kvöldverðarmiðar seldir á fundinum, sölu lýkur í hádegisverðarhléi.**

## Skýrsla stjórnar LEB starfsárið 2022- 2023

Meginefni landsfundar Landssambands eldri borgara í Borgarnesi 9. maí 2023 eru kjaramál. Það er í eðlilegu framhaldi af mikilli vinnu Kjaranefndar LEB undir formennsku Þorbjörns Guðmundssonar. Stjórn LEB hefur fjallað um kjaramálin á mörgum fundum sínum og ríkir einhugur um að leggja áherslu á kjaramálin á landsfundi ársins, þó að mörg önnur mál séu einnig aðkallandi.

Á sérstökum formannafundi 27. febrúar s.l. voru drög að stefnumörkun LEB í kjaramálum lögð fram og send formönnum allra félaganna í framhaldi.

**Drög að stefnumörkun LEB í kjaramálum**

Stefnan tekur bæði til aðgerða sem mikilvægt er að ráðast í strax og hins vegar sem komi til framkvæmda í áföngum á næstu árum.
Stefnan skiptist í tvo megin flokka. Annars vegar breytingar á lífeyri frá almannatryggingum, þ.m.t á skerðingum, og hins vegar breytingar á núverandi framkvæmd laganna.

**Undir flokk eitt fellur:**

- **Hækkun frítekjumarks í 100.000 kr**.
  *Þessa tölu þarf að framreikna amk. frá ársbyrjun 2017*
- **Ellilífeyrir almannatrygginga verði jafn og lægsti launataxti**
  *Myndi skila sér vel fyrir þau verst settu*
- **Árlegar hækkanir lífeyris og frítekjumarka fylgi launavísitölu**
  *Almenna frítekjumarkið og frítekjumark vegna atvinnutekna*
- **Heimilisuppbót falli undir lög nr. 100/2007 um almannatryggingar**
  *Afnema reglu um niðurfellingu heimilisuppbótar við búsetu erlendis*

Hér mætti hugsanlega útfæra innleiðingu í áföngum innan ákveðins tíma.

**Sértækar aðgerðir fyrir þau verst settu:**

- **Sérstakt skattþrep / Hækkun persónuafsláttar**
  *Aðgerðin tæki fyrst og fremst til lífeyristaka*
- **Minni eða engar skerðingar hjá þeim sem eru undir viðurkenndu framfærsluviðmiði**
  *Framfærsluviðmið taki bæði til almennrar framfærslu og húsnæðiskostnaðar*
- **Einnig verði skoðað að þeir lægstu fái sérstakt tillegg**
  *Sérstakt tillegg verði eingöngu fyrir lífeyristaka og fjari út í hlutfalli við tekjur*

Mikilvægt að skoða útfærslur og taka skýrt fram að við erum ekki að tala um krónu á móti krónu. Einnig er nauðsynlegt að horfa til áhrifa þess að lífeyrir verði aldrei lægri en lægsti kauptaxti sem myndi hafa mikil áhrif á afkomu þeirra lakast settu.

**Annar hlutinn tekur til breytinga á núverandi framkvæmd laga um almannatryggingar:**

- **Frestun lífeyristöku**
  *Endurskoða reglur um útreikning frestunar á töku ellilífeyris og tryggja betur að lífeyristaki fái rétta hlutdeild af ávinningi frestunar.*

- **Frítekjumark leigutekna**
  *Aðeins helmingur leigutekna eldra fólks reiknist sem tekjur eins og framkvæmt er við útreikning fjármagstekjuskatts í skattkerfinu.*

- **Frítekjumark fjármagnstekna**
  *Frítekjumark fjármagnstekna í skattkerfinu kr. 300.000 gildi einnig gagnvart lífeyri frá almannatryggingum*.

- **Tryggja að lífeyristakar njóti betur hækkana frá lífeyrissjóðum**
  *Þegar lífeyristaki fær hækkun á lífeyri frá lífeyrissjóði vegna góðrar afkomu sjóðsins, verður að tryggja að lífeyristaki njóti sambærilegs ávinnings og um væri að ræða tekjur launamanns á vinnumarkaði þ.e.a.s. hann greiði fyrst fremst skatta.*

**Gott að eldast- endurskoðun á þjónustu við eldra fólk**

Vinna verkefnisstjórnar þriggja ráðuneyta, LEB og Sambands sveitarfélaga við heildarendurskoðun þjónustu við eldra fólk hefur gengið framan vonum. Fyrstu umræðu um þingsályktunartillögu sem verkefnisstjórnin hefur unnið er lokið á Alþingi og allt bendir til að viðtæk samstaða verði um þetta mál. Það var ljóst frá upphafi að full alvara var á bak við verkefnið og samsetning verkefnisstjórnarinnar þannig að málið hefði bakland þar sem þess þurfti. Viljayfirlýsing þessara aðila frá júní 2022 styrkti svo enn undirstöður verkefnisins. Verkefnið fékk í upphafi heitið "heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk", ekki sérlega grípandi heiti þannig að þjálla nafn var einnig fundið, og verkefnið gengur nú undir vinnuheitinu "Gott að eldast". Síðan hefur það þróast þannig að þegar farið er að rýna meira í gögn um þann hóp sem skilgreinum sem eldra fólk að farið er að tala um að eldra fólk sé virði en ekki byrði.

Í áætlun sem fyrir liggur eru 19 áðgerðir, sem skiptast í 5 flokka, Samþættingu, Virkni, Upplýsingu, Þróun og Heimili, sem hver hefur nokkur undirverkefni. Í stuttu máli snýst samþætting um að fá alla aðila sem vinna við að þjónusta eldra fólksem býr heima, hvort heldur eru ríkið, sveitarfélög, til að samþætta þjónustuna þannig að hún gagnist notendum sem best. Með þessu má bæði bæta þjónustuna og nýta fjármagn betur. Með bættri virkni, ráðgjöf og upplýsingu færum við eldra fólki þau tæki sem þarf til að geta gert það sjálft sem skiptir máli í heilbrigðri öldrun og einnig leiðir til að nálgast þá aðstoð sem kann að þurfa á hverjum tíma.

**Bjartur lífsstíll – verkefnið á fullri ferð**

Frá því að verkefnið Bjartur lífsstíll hófst hafa verkefnastjórar heilsueflingar rætt við 30 sveitarfélög og hvatt þau til enn frekari heilsueflingar. Í kjölfar funda sem haldnir hafa verið með sérhverju sveitarfélagi hafa myndast stýrihópar á nýjum grundvelli til að vinna að enn frekari stefnumótun er varðar heilsueflingu eldra fólks. Stýrihóparnir hafa lýst yfir ánægju sinni með þetta framtak þar sem flestir voru að koma saman að fundarborðinu í fyrsta skipti. Vefurinn www.bjartlif.is hefur fallið í góðan jarðveg hjá bæði fagfólki sem kemur að heilsueflingu eldra fólks sem og hjá fólki á öllum aldri. Verkfærakistan, það er handbækurnar og kortlagningin á hreyfingu sem er í boði á landsvísu, hafa þegar verið vel nýttar. Í lok árs 2022 var framkvæmd eftirfylgni fundar um heilsueflingu 60+ (fylgiskjal 3) í formi könnunnar til þeirra sveitarfélaga sem heimsótt voru á árinu. Tilgangur könnunarinnar var að safna saman í yfirlit afrakstri sem hlaust af fundum sem verkefnastjórar stóðu fyrir síðastliðið ár. Könnunin var send á alla aðila í sérhverjum stýrihópi sveitarfélaganna þar sem fleiri en einn úr hverju sveitarfélagi gat svarað. Niðurstöður bárust frá 45 aðilum úr 30 sveitarfélögum. Með niðurstöðum könnunarinnar má álykta að nú þegar hafa þau sveitarfélög sem svör bárust frá eflt til frekari heilsueflingar.

**Málum þriggja liðsmanna Gráa hersins vísað til  Mannréttindadómstóls Evrópu**

Ákveðið hefur verið að áfrýja dómi Hæstaréttar Íslands frá 2. nóvember 2022 í málum þriggja liðsmanna Gráa hersins til Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) í Strasbourg. Málin verða lögð fyrir dóminn á næstu dögum. Með því er gerð úrslitatilraun til að fá það viðurkennt að núgildandi skerðingarreglur almannatryggingarlaga, með 45 - 56,9% skerðingarhlutföllum og mismunandi frítekjumörkum eftir uppruna tekna, séu úr hófi og standist hvorki íslensku stjórnarskrána né Mannréttindasáttmála Evrópu.

Mál þremenninganna gegn íslenska ríkinu snerust ekki um fjárkröfur þeim til handa. Tilgangurinn var að freista þess að ná fram niðurstöðu, sem myndi neyða ríkisvaldið til að breyta regluverki almannatrygginga í það horf að það samræmdist grundvallarreglum réttarríkisins. En með dómnum hafnaði Hæstiréttur öllum rökum kærendanna og gaf ríkinu grænt ljós á gildandi skerðingarregluverk.

Af hálfu ríkisins var því haldið fram að úrlausnarefni réttarins ætti að vera það, hvort lagabreytingar sem tóku gildi 2017 hefðu verið kærendum í hag eður ei. Spurningin sem kærendurnir leituðu svara Hæstiréttur við var hinsvegar önnur, þ.e. hvort kerfið svo breytt stæðist grundvallarreglur réttaríkisins, alveg óháð því hvernig það hafði verið áður og hverjar síðustu breytingar á því voru.

Vonast hafði verið til að dómur Hæstaréttar myndi gefa vísbendingar um viðmið og skilyrði, sem regluverk almannatrygginga verði að uppfylla með tilliti til jafnræðis og meðalhófs, en þær vonir brugðust. Niðurstaða réttarins er einfaldlega sú, að við setningu gildandi regluverks hafi löggjafinn ekki *„farið út fyrir það svigrúm sem hann hefur í krafti fjárstjórnarvalds síns til að skipuleggja fyrirkomulag framfærsluaðstoðar (sic)...“*

Rétturinn viðurkennir sem sagt að umræddu svigrúmi séu einhver takmörk sett, en lætur þó ógert að upplýsa hvar þau mörk liggja og veitir því lítil sem engin svör við því sem fyrir hann var lagt.

Þremenningarnir telja sig því ekki eiga annan kost en að vísa málinu til MDE og gera sér góðar vonir um að dómstóllinn taki málið fyrir. MDE reynir að ljúka málum innan þriggja ára eftir að þau berast, en algengt er að ferlið taki um tvö ár.

**Formannafundir og heimsóknir til félaga**

Á starfsárinu heimsótti formaður nokkur félög á Austur- og Norðurlandi. Síðustu daga september átti hann fundi með félögum á Egilsstöðum, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði og Eskifirði og áfram á Vopnafirði, Þórshöfn og Raufarhöfn. Átti svo góðan fund á Húsavík, fund með félögum á Siglufirði og Ólafsfirði og sótti að lokum afmælisfund Félags eldri borgara á Akureyri. Í nóvember átti formaður svo fundi á Hvammstanga, Búðardal og Stykkishólmi og sameiginlegan fund með félögunum í Snæfellsbæ.

**Afsláttarappið**

Árum saman hefur LEB, í samstarf við FEB í Reykjavík, gefið út Afsláttarbók fyrir félagsmenn í aðildarfélögum LEB, sem hefur notið mikilla vinsælda. Til þess að stuðla að enn betri nýtingu á þessum frábæru afsláttum var ákveðið að fara í samstarf við fyrirtæki og taka í notkun afsláttarappið SPARA (hét áður Torgið). Appið er alger bylting í að miðla hagstæðum afsláttarkjörum rafrænt til allra félagsmanna okkar hvar á landinu sem þeir eru. Í appinu eru allir afslættirnir sem eru í bókinni og einnig sjálf Afsláttarbókin í heild sinni. Flestir eru alltaf með símann sinn, en kannski ekki alltaf með Afsláttarbókina í vasanum. Þannig auðveldar appið félagsmönnum að nýta sér afslættina hvar sem þeir eru staddir.

Við hvetjum félagsmenn eindregið til þess að nota afsláttarappið SPARA, sem er ókeypis og mjög þægilegt og auðvelt í notkun. Því til viðbótar við þá afslætti, sem eru bara fyrir félagsmenn aðildarfélaga LEB, þá er mikið af öðrum afsláttum og tilboðum í appinu sem einnig standa félagsmönnum til boða. Það er því veruleg kjarabót fyrir félagsmenn að nota appið og nýta sér þá afslætti sem þar eru.

**Fjölbreytt efni á heimasíðu LEB**

Rétt er að vekja athygli á að mikið er af fróðlegu efni á heimasíðu landssambandsins – leb.is.

Þar er mikið af efni frá félögunum og skýrslur um stöðu ýmissa mála, einnig undirsíður eins og t.d. og Bjartur lífsstíll. Margs konar útgáfa er til reiðu fyrir félagsmenn. Nýjasta útgáfa LEB er samstarfsverkefni með Neytendasamtökum um netsvik, sem er að verða ein umfangsmesta fjársvikaaðferð í heiminum í dag.

# Landssamband eldri borgara

## Ársreikningur 2022

**KT: 600989-4059**
**Ármúla 6**
**108 Reykjavík**

# Efnisyfirlit

Bls.


| | |
|---|---|
| Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar á ársreikninginn | 2 |
| Áritun endurskoðenda | 3 |
| Rekstrarreikningur ársins 2022 | 4 |
| Efnahagsreikningur 31. desember 2022 | 5 |
| Skýringar | 6-8 |

# Skýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi félagsins er hagsmunagæsla fyrir eldri borgara

Ársreikningurinn er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður félagsins 9,9 millj.kr. á árinu. Eigið fé félagsins í lok árs var jákvætt um 28,4 millj.kr. en var um 18,5 millj.kr. í byrjun árs. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu félagsins og rekstur þess á liðnu ári.

Stöðugildi hjá félaginu voru 3,7 og launagreiðslur félagsins námu um 10,8 millj.kr. á árinu. Stöðugildi hjá félaginu á fyrra ári voru 4 og launagreiðslur félagsins námu um 9,4 millj.kr. á árinu 2021.

Stjórn Félags eldri borgara staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. apríl 2023

Stjórn:

## Áritun skoðunarmanna

Undirritaðir, skoðunarmenn Landssambands eldri borgara, höfum farið yfir meðfylgjandi ársreikning Landssambands eldri borgara fyrir árið 2022 og sjáum ekki ástæðu til athugasemda.

Reykjavík, 26. apríl 2023

# Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Landssambands eldri borgara

Á grundvelli upplýsinga sem stjórnendur hafa veitt okkur höfum við aðstoðað við gerð ársreiknings Landssambands eldri borgara fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410 um gerð og framsetningu óendurskoðaðra reikningsskila og settar siðareglur. Markmiðið er að aðstoða Landssamband eldri borgara við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi. Ábyrgð á reikningsskilum hvílir á stjórn landssambandsins en ársreikningurinn er byggður á gögnum landssambandsins og upplýsingum frá stjórnendum þess.

Við höfum hvorki kannað né endurskoðað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

Reykjavík, 26. apríl 2023

**Grant Thornton endurskoðun ehf.**

Theodór S. Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur ársins 2022

| | Skýr. | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Aðildargjöld | | 21.339.634 | 19.742.200 |
| Umsýslutekjur v/opinberir styrkir | | 3.930.000 | 1.349.063 |
| Aðrir styrkir - MS | | 270.000 | 280.000 |
| Framlög frá hinu opinbera | | 11.000.000 | 8.000.000 |
| Auglýsingatekjur LEB blaðið | | 0 | 4.615.000 |
| Tölvukennslurit - Seld eintök | | 157.800 | 139.500 |
| Aðrar tekjur | | 215.514 | 7.500 |
| | 1 | 36.912.948 | 34.133.263 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 2 | 10.811.617 | 9.440.350 |
| Aðkeypt þjónusta | 3 | 307.500 | 2.448.954 |
| Kostnaður við útgáfu | 5 | 5.527.912 | 9.931.389 |
| Landsfundur / formannafundur | | 1.660.943 | 2.068.540 |
| Framlag LEB til styrktarsjóðs aldraðra | | 0 | 200.000 |
| Húsaleiga | | 2.043.935 | 2.462.579 |
| Annar rekstrarkostnaður | 4 | 7.236.575 | 7.958.834 |
| | | 27.588.482 | 34.510.646 |
| **Hagnaður / (tap) án fjárm.liða** | | 9.324.466 | -377.383 |
| Fjármagnstekjur | | 740.946 | 102.728 |
| Fjármagnstekjuskattur | | -134.287 | -45.206 |
| Fjármagnsgjöld | | -27.034 | -66.431 |
| | | 579.625 | -8.909 |
| **Hagnaður / (tap) ársins** | | 9.904.091 | -386.292 |

# Efnahagsreikningur 31.12.2022

| **Eignir** | Skýr. | **2022** | **2021** |
|---|---|---|---|
| **Veltufjármunir** | | | |
| Innstæða hjá viðskiptamönnum | | 1.367.847 | 781.948 |
| Trygging húsaleigu | | 149.149 | 149.149 |
| Inneign á fyrirfram greiddum kortum | | 27.438 | 0 |
| Bankainnstæður | 7 | 53.141.985 | 48.033.323 |
| Veltufjármunir | | 54.686.419 | 48.964.420 |
| **Eignir samtals** | | 54.686.419 | 48.964.420 |

## Skuldir og eigið fé

| **Eigið fé** | Skýr. | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Óráðstafað eigið fé | 10 | 28.400.257 | 18.496.166 |
| Eigið fé | | 28.400.257 | 18.496.166 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Ógreiddur kostnaður | 9 | 822.122 | 668.254 |
| Fyrirfram greiddir styrkir | 8 | 25.464.040 | 29.800.000 |
| Skammtímaskuldir | | 26.286.162 | 30.468.254 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 54.686.419 | 48.964.420 |

# Skýringar og sundurliðanir

| | | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| 1. | **Rekstrartekjur** | | |
| | Aðildargjöld.................................................... | 21.339.634 | 19.742.200 |
| | Umsýslutekjur v/opinberir styrkir......................... | 3.930.000 | 1.349.063 |
| | Aðrir styrkir - MS............................................. | 270.000 | 280.000 |
| | Framlög frá hinu opinbera.................................. | 11.000.000 | 8.000.000 |
| | Auglýsingatekjur LEB blaðið.............................. | 0 | 4.615.000 |
| | Tölvukennslurit - Seld eintök.............................. | 157.800 | 139.500 |
| | Afsláttarbók .................................................... | 215.514 | 7.500 |
| | | 36.912.948 | 34.133.263 |
| 2. | **Laun og launatengd gjöld** | | |
| | Laun ............................................................. | 21.303.114 | 11.563.269 |
| | Ökustyrkur ..................................................... | 335.250 | 0 |
| | Tryggingargjald ............................................... | 1.519.946 | 763.831 |
| | Lífeyrissjóðsframlag.......................................... | 2.297.722 | 958.487 |
| | Sjóðagjöld ...................................................... | 283.800 | 108.847 |
| | Atvinnuleysistryggingarsjóður ............................ | -4.794.982 | -3.954.084 |
| | Stafrænt Ísland ................................................ | -6.117.240 | 0 |
| | Heilsuefling ..................................................... | -4.015.993 | 0 |
| | | 10.811.617 | 9.440.350 |
| 3. | **Aðkeypt þjónusta** | | |
| | Aðstoð við útreikning kjaramála........................... | 150.000 | 0 |
| | Stefnumótunarvinna .......................................... | 149.500 | 0 |
| | Þýðingarvinna................................................... | 8.000 | 0 |
| | Magna Lögmenn 70 ára starfslok........................ | 0 | 149.050 |
| | Umsjón fjármuna með virðisauka....................... | 0 | 1.380.000 |
| | Skúli M. Sig vinna fyrir kjaranefnd og nefndarstörf | 0 | 554.400 |
| | Vinna við skjalaflokkun, skráningu og pökkun...... | 0 | 365.504 |
| | | 307.500 | 2.448.954 |

# Skýringar og sundurliðanir frh.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 4. | **Annar rekstrarkostnaður** | | |
| | Kostnaður vegna stjórnarfunda | 1.087.529 | 1.260.517 |
| | Ferðakostnaður | 1.625.217 | 1.518.780 |
| | Erlent samstarf | 367.624 | 267.030 |
| | Framlag til baráttumála | 0 | 792.703 |
| | Bókhalds- og uppgjörsþjónusta | 856.801 | 1.123.352 |
| | Pappír, prentun og ritföng | 177.144 | 44.925 |
| | Tölvu- sími og skrifstofukostnaður | 2.630.721 | 1.039.998 |
| | Gjafir og styrkir | 0 | 19.710 |
| | Auglýsingar | 20.026 | 21.228 |
| | Burðargjöld | 7.908 | 24.026 |
| | Rekstur heimasíðukerfis og facebook | 414.005 | 262.815 |
| | Árgjöld | 49.600 | 49.850 |
| | Styrkveitingar til gráa hersins | 0 | 1.533.900 |
| | | 7.236.575 | 7.958.834 |
| 5. | **Kostnaður við útgáfu** | | |
| | Útgáfukostnaður Leb blaðið | 4.443.030 | 5.504.745 |
| | Burðargjöld LEB blaðið | 1.084.882 | 1.469.034 |
| | Kostnaður vegna afsláttarbókar | 0 | 2.000.000 |
| | Önnur verkefni | 0 | 957.610 |
| | | 5.527.912 | 9.931.389 |
| 6. | **Landsfundur /Formannafundur** | | |
| | Kostnaður við Landsfund | 1.144.598 | 1.392.507 |
| | Hlutdeild í ferðakostnaði aðildarfélaga | 516.345 | 676.033 |
| | | 1.660.943 | 2.068.540 |
| 7. | **Bankainnstæður** | | |
| | Íslandsbanki debetkortareikningur 13888 | 16.053.514 | 11.354.492 |
| | Íslandsbanki vaxtaþrep 3365 | 22.064.387 | 29.608.057 |
| | Íslandsbanki fastvaxtareikningur 763702 | 15.024.084 | 4.514.570 |
| | Íslandsbanki debetkortareikningur 600989 | 0 | 2.556.204 |
| | | 53.141.985 | 48.033.323 |
| 8. | **Óráðstafað styrktarfé** | | |
| | Félagsstarf Erlendir Innflytjendur | 3.250.000 | 3.600.000 |
| | Stafrænt Ísland | 2.382.760 | 10.000.000 |
| | Heilsuefling og mannrækt | 4.277.474 | 15.000.000 |
| | Símavinir Rauði krossinn | 553.806 | 1.000.000 |
| | Andlát maka | 0 | 200.000 |
| | Framlag til heilsueflingar v. 2023 | 15.000.000 | 0 |
| | | 25.464.040 | 29.800.000 |

# Skýringar og sundurliðanir frh.

9. **Ógreiddur kostnaður**

| | | |
|---|---|---|
| Ógreidd launatengd gjöld...................................... | 615.449 | 686.656 |
| Annar rekstrarkostnaður...................................... | 206.673 | -18.402 |
| | 822.122 | 668.254 |

10. **Óráðstafað eigið fé**

| | | |
|---|---|---|
| Eigið fé frá fyrra ári................................................ | 18.496.166 | 18.882.458 |
| Rekstrarafkoma ársins .......................................... | 9.904.091 | -386.292 |
| | 28.400.257 | 18.496.166 |

# Undirritunarsíða

Stjórnarmaður
Helgi Pétursson

Undirritað af:
Helgi Pétursson
2805497899
Dags: 02.05.2023
Tími: 12:53:54
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 72d86382-1f57-4c48-8743-4db566666f0d

Stjórnarmaður
Þorbjörn Guðmundsson

Undirritað af:
Þorbjörn Guðmundsson
2509492949
Dags: 02.05.2023
Tími: 12:46:55
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 72d86382-1f57-4c48-8743-4db566666f0d

Stjórnarmaður
Sigrún Camilla Halldórsdóttir

Undirritað af:
Sigrún Camilla Halldórsdóttir
1006474009
Dags: 02.05.2023
Tími: 12:44:33
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 72d86382-1f57-4c48-8743-4db566666f0d

Stjórnarmaður
Drífa Jóna Sigfúsdóttir

Undirritað af:
Drífa Jóna Sigfúsdóttir
0807543969
Dags: 02.05.2023
Tími: 14:00:45
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 72d86382-1f57-4c48-8743-4db566666f0d

Stjórnarmaður
Ingibjörg H Sverrisdóttir

Undirritað af:
Ingibjörg H Sverrisdóttir
2403472029
Dags: 02.05.2023
Tími: 14:04:38
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 72d86382-1f57-4c48-8743-4db566666f0d

Stjórnarmaður
Ragnar Jónasson

Undirritað af:
Ragnar Jónasson
3108473489
Dags: 02.05.2023
Tími: 16:17:26
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 72d86382-1f57-4c48-8743-4db566666f0d

Endurskoðandi
Theodór Siemsen Sigurbergsson

Undirritað af:
Theodór Siemsen Sigurbergsson
0604593049
Dags: 02.05.2023
Tími: 13:38:27
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 72d86382-1f57-4c48-8743-4db566666f0d

# Styrktarsjóður aldraðra
## Ársreikningur 2022

KT: 600989-4059
Ármúla 6
108 Reykjavík

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar á ársreikninginn | 2 |
| Áritun endurskoðenda | 3 |
| Efnahags- og rekstrarreikningur 2022 | 4 |

# Skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Engin starfsemi var á árinu og voru einu tekjurnar vaxtagreiðslur að fjárhæð 40 þús. kr. Eigið fé í árslok nam tæplega 2,2 millj. kr.

Stjórn styrktarsjóðs Landsambands eldri borgara staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. apríl 2023

Stjórn:

## Áritun skoðunarmanna

Undirritaðir, skoðunarmenn Landssambands eldri borgara, höfum farið yfir meðfylgjandi ársreikning Styrktarsjóðs Landssambands eldri borgara fyrir árið 2022 og sjáum ekki ástæðu til athugasemda.

Reykjavík, 28. apríl 2023

# Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Styrktarsjóðs Landssambands eldri borgara

Á grundvelli upplýsinga sem stjórnendur hafa veitt okkur höfum við aðstoðað við gerð ársreiknings Styrktarsjóðs Landssambands eldri borgara fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410 um gerð og framsetningu óendurskoðaðra reikningsskila og settar siðareglur. Markmiðið er að aðstoða styrktarsjóðinn við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi. Ábyrgð á reikningsskilum hvílir á stjórn landssambandsins en ársreikningurinn er byggður á gögnum landssambandsins og upplýsingum frá stjórnendum þess.

Við höfum hvorki kannað né endurskoðað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

Reykjavík, 26. apríl 2023

**Grant Thornton endurskoðun ehf.**

Theodór S. Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur ársins 2022

| | Skýr. | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **Framlag LEB** | | | |
| Framlag LEB.................................................. | | 0 | 200.000 |
| | | 0 | 200.000 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | |
| Vaxtatekjur.................................................. | | 51.469 | 4.245 |
| Fjármagnstekjuskattur.................................. | | -11.323 | -934 |
| | | 40.146 | 3.311 |
| **Rekstrarafkoma ársins** | | 40.146 | 203.311 |

# Efnahagsreikningur 31.12.2022

| **Eignir** | Skýr. | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Bankainnstæða ........................................... | | 2.174.190 | 2.134.044 |
| Veltufjármunir | | 2.174.190 | 2.134.044 |
| **Eignir samtals** | | 2.174.190 | 2.134.044 |
| **Eigið fé:** | | | |
| Óráðstafað eigið fé / ójafnað tap .................. | | 2.134.044 | 1.930.733 |
| Afkoma félagsins ........................................ | | 40.146 | 203.311 |
| Eigið fé | | 2.174.190 | 2.134.044 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 2.174.190 | 2.134.044 |

# Undirritunarsíða

Stjórnarmaður
Helgi Pétursson

Undirritað af:
Helgi Pétursson
2805497899
Dags: 02.05.2023
Tími: 12:51:55
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: bc5a934c-b3e7-4b75-8cc9-abd07eee1e69

Stjórnarmaður
Þorbjörn Guðmundsson

Undirritað af:
Þorbjörn Guðmundsson
2509492949
Dags: 02.05.2023
Tími: 12:44:23
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: bc5a934c-b3e7-4b75-8cc9-abd07eee1e69

Stjórnarmaður
Sigrún Camilla Halldórsdóttir

Undirritað af:
Sigrún Camilla Halldórsdóttir
1006474009
Dags: 02.05.2023
Tími: 12:37:04
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: bc5a934c-b3e7-4b75-8cc9-abd07eee1e69

Stjórnarmaður
Drífa Jóna Sigfúsdóttir

Undirritað af:
Drífa Jóna Sigfúsdóttir
0807543969
Dags: 02.05.2023
Tími: 13:56:46
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: bc5a934c-b3e7-4b75-8cc9-abd07eee1e69

Stjórnarmaður
Ingibjörg H Sverrisdóttir

Undirritað af:
Ingibjörg H Sverrisdóttir
2403472029
Dags: 02.05.2023
Tími: 22:45:47
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: bc5a934c-b3e7-4b75-8cc9-abd07eee1e69

Stjórnarmaður
Ragnar Jónasson

Undirritað af:
Ragnar Jónasson
3108473489
Dags: 02.05.2023
Tími: 16:18:22
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: bc5a934c-b3e7-4b75-8cc9-abd07eee1e69

Endurskoðandi
Theodór Siemsen Sigurbergsson

Undirritað af:
Theodór Siemsen Sigurbergsson
0604593049
Dags: 02.05.2023
Tími: 13:37:19
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: bc5a934c-b3e7-4b75-8cc9-abd07eee1e69

# Fjárhagsáætlun LEB 2023

Forsendur fjáhagsáætlunar byggjast á rekstri fyrra árs og þeim verkefnum sem fyrirhuguð eru 2023. Unnið í apríl 2023

| Rekstrartekjur | 2022 | 2023 |
|---|---|---|
| Aðildargjöld | 21.339.634 | 26.400.000 |
| Styrkur til Rekstrar | 11.000.000 | 15.000.000 |
| Umsýslutekjurv/ styrkja | 3.930.000 | 2.250.000 |
| Aðrir styrkir | 270.000 | 300.000 |
| Seld tölvukennslurit | 157.800 | 0 |
| Alsláttarbók | 215.514 | 250.000 |
| | 36.912.948 | 44.200.000 |

| Rekstrargjöld | | |
|---|---|---|
| Laun og launat.gjöld | 20.944.850 | 30.000.000 |
| Laun greidd af verkefnum | -10.133.233 | -11.000.000 |
| Aðkeypt þjónusta | 307.500 | 5.000.000 |
| Landsfundur | 1.660.943 | 2.000.000 |
| Húsaleiga | 2.043.935 | 2.500.000 |
| Annar rekstrarkostnaður | 7.236.575 | 8.000.000 |
| LEB blaðið | 5.527.912 | 6.000.000 |
| | 27.588.482 | 42.500.000 |

| | |
|---|---|
| 0516-26-013888 | 16.053.514 |
| 0516-vaxtaþrep | 22.064.387 |
| 0515-fastvaxta. 763702 | 15.024.084 |
| | 53.141.985 |

# Tillaga stjórnar LEB um siðareglur

## Siðareglur - tillaga

**Siðareglur LEB – Landssambands eldri borgara gilda fyrir starfsemi LEB en eru einnig hugsaðar sem fyrirmynd fyrir starfsemi aðildarfélaga þess.**

**TILGANGUR** SIÐAREGLNA ER AÐ

- veita LEB stuðning í veigamiklu hlutverki þess við að stuðla að almannaheill í samfélaginu.
- upplýsa almenning um þau gildi sem móta starf LEB og aðildarfélaga og auka traust á starfi þeirra.
- hvetja til gagnrýnnar og uppbyggjandi umræðu um starfsemina.
- auka gagnsæi, efla góða stjórnarhætti og faglegt starf í þágu eldra fólks og alls almennings.
- setja viðmið um breytni, fagmennsku og ábyrgð sem hvílir á starfsfólki, stjórnum og sjálfboðaliðum umfram lagalegar skyldur.

**ÁBYRGÐ** GAGNVART ALMENNINGI, FJÖLMIÐLUM OG SAMFÉLAGI

- LEB veitir áreiðanlegar og réttar upplýsingar sem skýra samhengi þess sem kynnt er hverju sinni. Þess skal gætt að notkun fræðilegra hugtaka og tölfræði séu aldrei villandi eða óaðgengileg almenningi.
- LEB starfar sjálfstætt að markmiðum sínum. Það hefur hagsmuni almennings og umbjóðenda sinna að leiðarljósi.
- LEB gætir þess að starf þess í þágu almennings takmarkist ekki af skuldbindingum eða þrýstingi stjórnvalda eða annarra hagsmunaaðila.
- LEB hefur umhverfissjónarmið ávallt að leiðarljósi í rekstri sínum og sýnir með því gott fordæmi í umgengni við náttúru og samfélag.

**ÁBYRGÐ** GAGNVART SKJÓLSTÆÐINGUM, FÉLAGSMÖNNUM, NOTENDUM, UMBJÓÐENDUM OG STYRKTARAÐILUM

- LEB ber ábyrgð á starfi sínu og sýnir öllum virðingu og trúnað.
- Gagnsæi um starfsemi LEB skal tryggt og veittar skulu áreiðanlegar og skýrar upplýsingar um starfsemina.
- LEB mismunar ekki þeim sem þeir eiga í samskiptum við, hvorki á grunni þjóðernis, kyns, kynhneigðar, fötlunar, trúar, skoðana eða annars fjölbreytileika.
- LEB leitast við að styrkja mannlega reisn með því að beita sér gegn misvirðingu gagnvart manneskjum, þar á meðal einelti, kynbundinni- og kynferðislegri áreitni og ofbeldi.
- LEB og aðilarfélög misnota hvorki stöðu sína né bregðast trausti þeirra sem þau eiga í samskiptum við.

# Tillaga stjórnar LEB um siðareglur frh.

**ÁBYRGÐ** STJÓRNA, STARFSFÓLKS OG SJÁLFBOÐALIÐA

- Stjórnir, starfsfólk og sjálfboðaliðar vinni af heilindum að markmiðum og tilgangi LEB og aðildarfélaga.
- Stjórnir, starfsfólk og sjálfboðaliðar nýta ekki trúnaðarupplýsingar í eiginhagsmunaskyni eða í þágu vina eða skyldmenna.
- Stjórnir, starfsfólk og sjálfboðaliðar virða störf annarra félaga og samtaka, sýna hver öðrum virðingu, samstarfsvilja og stuðning og stuðla að framgangi verkefna.

**ÁBYRG** FJÁRMÁL ALMANNAHEILLASAMTAKA

- Meðferð fjármuna skal vera samkvæmt viðurkenndum bókhalds- og reikningsskilavenjum og skoðun reikninga í höndum kjörinna skoðunarmanna eða endurskoðenda.
- Upplýsingar um fjárhag og rekstur skulu vera gagnsæjar og settar fram á einfaldan og skýran máta.
- Öll fjáröflun skal hafa skýr markmið og fara fram í samræmi við tilskilin leyfi. Áætlað kostnaðarhlutfall liggi fyrir áður en safnanir hefjast og er gert upp að söfnun lokinni.
- Upplýsingar um ágóðahlut af hvers kyns sölu eru birtar strax og þær liggja fyrir.
- LEB og aðildarfélög gæta þess að tengjast ekki aðilum sem starfa í ósamræmi við tilgang og markmið þeirra.
- LEB og aðildarfélög afla ekki fjár með nokkrum þeim hætti sem telja mætti siðferðilega vafasaman.
- Starfsfólk gætir ráðdeildar í daglegum rekstri og við meðferð fjármuna félagsins.

**GILDISSVIÐ** OG VIÐBRÖGÐ VIÐ BROTUM

- Siðareglur þessar eru birtar á heimasíðu LEB og aðildarfélög skulu fylgja þeim. Þær eiga við um alla sem taka að sér störf fyrir LEB.
- Stjórn LEB tekur við ábendingum um brot á þessum siðareglum og bregst við þeim. Stjórnin úrskurðar í hverju tilfelli hvort um brot sé að ræða, telji hún tilefni til að fjalla um ábendingu um slíkt. Við meðferð mála skal gæta trúnaðar, meðalhófs og andmælaréttar.
- Brjóti aðili tengdum LEB gegn siðareglum þessum skal hann í samráði við stjórn LEB bæta fyrir brotið eins og hægt er, leita sátta og birta eða leiðrétta viðeigandi upplýsingar eða gera aðra þá bragarbót sem þurfa þykir.
- Þess skal gætt að sá sem leggur fram upplýsingar um ætlað brot á siðareglunum, beri ekki skaða af.
- Aðildarfélög LEB geta eftir atvikum sett sér sértækar siðareglur í samræmi við þessar reglur og eftir þörfum starfsvettvangs síns.

**Samþykkt á stjórnarfundi LEB**

*Þessar siðareglur eru samkvæmt siðareglum Almannaheilla, samtök þriðja geirans, sem LEB er aðili að. Sjá nánar: https://almannaheill.is/almannaheill/sidareglur/*

# Drög að stefnumörkun LEB í kjaramálum mars 2023

Kjaranefnd LEB undir formennsku Þorbjarnar Guðmundssonar hefur unnið mikið starf og óeigingjarnt við að skilgreina og setja fram á einfaldan hátt kröfur eldra fólks í kjaramálum. Aðrir í nefndinni eru: Jón Ragnar Björnsson, Hella, Jóna Ósk Guðjónsdóttir, Hafnarfjörður, Ásgerður Pálsdóttir, Blönduós og Sigurbjörg Gísladóttir, Reykjavík. Ingibjörg H. Sverrisdóttir, Reykjavík, er varamaður.

Nefndin hefur haldið marga fundi bæði fjarfundi og staðfundi og á formannafundi 27. febrúar voru dregnar saman helstu kjarakröfur sem verða aðalumræðuefni landsfundar 2023. Finnur Birgisson formaður kjaranefndar FEB, Reykjavík, hefur unnið mikið með nefndinni og einnig Þórólfur Matthíasson, prófessor. Hér getur að líta drög að stefnumótun í kjaramálum, sem send voru formönnum félaganna í aðdraganda landsfundarins.

Stefnan tekur bæði til aðgerða sem mikilvægt er að ráðast í strax og hins vegar aðgerða sem komi til framkvæmda í áföngum á næstu árum. Stefnan skiptist í tvo meginflokka. Annars vegar breytingar á lífeyri frá almannatryggingum, þar með talið á skerðingum, og hins vegar breytingar á núverandi framkvæmd laganna.

### FYRRI FLOKKUR TEKUR TIL

**Hækkun frítekjumarks í 100.000 kr.**
*Þessa tölu þarf að framreikna að minnsta kosti frá ársbyrjun 2017*

**Ellilífeyrir almannatrygginga verði jafn og lægsti launataxti**
*Myndi skila sér vel fyrir þau verst settu*

**Árlegar hækkanir lífeyris og frítekjumarka fylgi launavísitölu**
*Almenna frítekjumarkið og frítekjumark vegna atvinnutekna*

**Heimilisuppbót falli undir lög nr. 100/2007 um almannatryggingar**
*Afnema reglu um niðurfellingu heimilisuppbótar við búsetu erlendis*

Hér mætti hugsanlega útfæra innleiðingu í áföngum innan ákveðins tíma.

### SÉRTÆKAR AÐGERÐIR FYRIR ÞAU VERST SETTU

**Sérstakt skattþrep / Hækkun persónuafsláttar**
*Aðgerðin tæki fyrst og fremst til lífeyristaka*

**Minni eða engar skerðingar hjá þeim sem eru undir viðurkenndu framfærsluviðmiði**
*Framfærsluviðmið taki bæði til almennrar framfærslu og húsnæðiskostnaðar*

**Einnig verði skoðað að þeir lægstu fái sérstakt tillegg**
*Sérstakt tillegg verði eingöngu fyrir lífeyristaka og fjari út í hlutfalli við tekjur*

Mikilvægt er að skoða útfærslur og taka skýrt fram að við erum ekki að tala um krónu á móti krónu. Einnig er nauðsynlegt að horfa til áhrifa þess að lífeyrir verði aldrei lægri en lægsti kauptaxti sem myndi hafa mikil áhrif á afkomu þeirra lakast settu.

### SEINNI FLOKKUR TEKUR TIL BREYTINGA Á NÚVERANDI FRAMKVÆMD LAGA UM ALMANNATRYGGINGAR

**Frestun lífeyristöku**
*Endurskoða reglur um útreikning frestunar á töku ellilífeyris og tryggja betur að lífeyristaki fái rétta hlutdeild af ávinningi frestunar.*

**Frítekjumark leigutekna**
*Aðeins helmingur leigutekna eldra fólks reiknist sem tekjur eins og framkvæmt er við útreikning fjármagnstekjuskatts í skattkerfinu.*

**Frítekjumark fjármagnstekna**
*Frítekjumark fjármagnstekna í skattkerfinu 300.000 kr. gildi einnig gagnvart lífeyri frá almannatryggingum.*

**Tryggja að lífeyristakar njóti betur hækkana frá lífeyrissjóðum**
*Þegar lífeyristaki fær hækkun á lífeyri frá lífeyrissjóði vegna góðrar afkomu sjóðsins, verður að tryggja að lífeyristaki njóti sambærilegs ávinnings og um væri að ræða tekjur launamanns á vinnumarkaði, það er að segja að hann greiði fyrst fremst skatta.*

# Greinagerð laganefndar

## Greinargerð með tillögum að lagabreytingum á landsfundi LEB árið 2023

Laganefnd hefur haldið nokkra fundi til að yfirfara lög Landsambands eldri borgara. Nefndia skipuðu Drífa Sigfúsdóttir, formaður, Helgi Pétursson, Reykjavík og Hallgrímur Gíslason, Akureyri. Nefndinn sendi síðan stjórn tillögurnar og eftir umræður þar var samþykkt að leggja þær fyrir landsfund til afgreiðslu.

1. Fyrsta tillaga laganefndar er að fella út orðið borgari. Hætta að tala um eldri borgara því það er mjög gildishlaðið eins og sjá má þegar umfjöllun er um eldri borgara í sjónvarpi þá eru þeir iðulega sýndir í göngugrind eða í hjólastól. Við viljum frekar nota orðin: eldra fólk. Það er einnig mikilvægt til þess að fá yngra fólkið til að ganga í félögin. Við þurfum aukið afl til að ná bættum árangri til að bæta kjör fyrir okkar félagsmenn.

2. Í grein 4.3 um landsfund leggjum við til, að staðarval verði kynnt um leið og dagsetning fundarins.

3. Í grein 4.4. leggum við til að gögnin verði send með rafrænum hætti með 3ja vikna fyrirvara til félaga.

4. Í grein 4.6 leggjum við til að þeir sem hyggjast bjóða sig fram til setu í stjórn LEF þurfa að tilkynna framboð sitt í síðasta lagi einni viku fyrir aðalfund. Auk þess er ákvæði um kynningu þeirra sem hyggjast bjóða sig fram.

5. Í grein 4.6 leggjum við til að uppstillinganefnd annist framkvæmd kosningu á stjórn og varastjórn.

6. Í grein 5.1 leggjum við til að fella niður ákvæði um að það þurfi að boða til félagsfundar í félögum með sama hætti og um aðalfund, til að kjósa fulltrúa á landsfund. Stjórnirnar muni því framvegis velja fulltrúana eins og víða er gert núna.

7. Í grein 5.2 leggjum við til að breytingu sem hefur talsverð áhrif á fjölda fulltrúa hjá fjölmennustu félögunum, einkum í Reykjavík. Ástæða er sú að fulltrúum hefur fjölgað verulega síðustu árin. Á næsta ári verða þeir orðnir 170 og síðan er stutt í 190 fulltrúa. Þá verður erfitt að halda landsfund nema á Höfuðborgarsvæðinu þegar fulltrúarnir verða orðnir 170-190. Við skoðuðum 5 mismunandi útfærslur en niðurstaðan er sú við leggjum til að greinin hljóði þannig: Hvert aðildarfélag kýs fulltrúa á landsfund þannig að fyrir 1 – 150 félagsmenn fær félag einn fulltrúa, séu félagsmenn 151 – 300 fær félagið 2 fulltrúa og síðan einn fulltrúa fyrir hverja 500 félagsmenn eða brot úr þeirri tölu. Breytingin er sú að þar sem áður stóð 300 mun standa 500 og við fellum ú orðin til viðbótar. Þetta hefur í för með sér að í stað þess að fulltrúar séu 170 á þessum aðalfundi þá yrðu þeir 131. Og ef breytingarnar ná fram að ganga mun fulltrúum á landsfund ekki fjölga eins ört.

## Lagabreytingatillögur laganefndar LEB

### Lög Landssambands ~~eldri borgara~~ eldra fólks

**1. gr. Heiti og heimili**
1.1. Sambandið heitir Landssamband ~~eldri borgara~~ eldra fólks, skammstafað ~~LEB~~LEF
1.2. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

**2. gr. Hlutverk og markmið**
~~LEB~~LEF er sjálfstætt starfandi landssamband félaga eldra fólks og hlutlaust gagnvart trú~~málum~~- og stjórnmál~~aflokk~~um.
Hlutverk ~~LEB~~LEF er að:

- Vinna að því að á Íslandi sé gott að ~~eldri borgari~~ eldast.
- Hafa forystu í hagsmunabaráttu ~~eldri borgara~~ elda fólks á landsvísu.
- Stuðla að áhrifum ~~eldri borgara~~ eldra fólks í samfélaginu og þeir séu hafðir með í ráðum við ákvarðanir um eigin kjör.
- Efla samstöðu og samkennd meðal ~~eldri borgara~~ eldra fólks.

**Hlutverk sitt rækir ~~LEB~~LEF með því að:**
2.1. Tala fyrir og vinna að framgangi málefna ~~eldri borgara~~ eldra fólks á landsvísu við: Alþingi, ríkisstjórn, önnur stjórnvöld, hagsmunafélög og samtök vinnumarkaðarins, aðra sem kunna að skipta máli vegna hagsmuna ~~eldri borgara~~ eldra fólks.
2.2. Vinna að auknum skilningi og stuðningi annarra samfélagshópa við hagsmuni eldra fólks
2.3. Vinna gegn aldursmismunun og allri annarri mismunun og stuðla að samvinnu fólks óháð uppruna.
2.4. Afla upplýsinga um aðstæður og kjör ~~eldri borgara~~ eldra fólks og miðla þeim til stjórnvalda, hagsmunafélaga og samtaka vinnumarkaðarins, eldra fólks og annarra þjóðfélagshópa.
2.5. Vinna að því að félög ~~eldri borgara~~ eldra fólks nái til ~~eldri borgara í landinu~~ allra landsmanna eldri en 60 ára.
2.6 Vinna og miðla fræðslu- og kynningarefni til aðildarfélaga.
2.7. Beita sér fyrir fræðslu og kynningarfundum varðandi málefni ~~aldraðra~~ eldra fólks.
2.8. Taka þátt í innlendu og erlendu samstarfi samkvæmt ákvörðun stjórnar.

**3. gr. Aðild**
3.1. Aðild að sambandinu geta átt félög fólks, sem er 60 ára og eldra, og vinna að hagsmuna-, velferðar- og áhugamálum ~~eldri borgara~~ eldra fólks.
3.2. Þrátt fyrir aldursákvæði í 1. mgr. getur félag orðið aðili að ~~LEB~~ LEF þó félagaaðild þess miðist við lægra aldursmark en réttindi og skyldur félagsins miðast við þá félagsmenn sem eru 60 ára og eldri.

# Tillögur stjórnar LEB að lagabreytingum frh.

3.3. Aðild nýrra félaga er háð samþykki landsfundar ~~LEB~~ LEF en stjórn ~~LEB~~ LEF getur veitt nýju félagi aukaaðild og rétt til þátttöku í starfsemi sambandsins án annarra réttinda fram að næsta landsfundi þar sem tillaga um aðild verður afgreidd. Umsókn nýrra félaga um aðild að ~~LEB~~ LEF skal berast stjórn sambandsins eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir reglulegan landsfund.
3.4. Lög hins nýja aðildarfélags skulu fylgja umsókn um aðild og uppfylla skilyrði sem kveðið er á um í lögum ~~LEB~~ LEF.
3.5. Stjórn aðildarfélags getur óskað eftir úrsögn úr ~~LEB~~ LEF með sannanlegum hætti með 6 mánaða fyrirvara og tekur úrsögn gildi við næstkomandi áramót.
3.6. Félagsmaður, sem á aðild að fleiri en einu aðildarfélagi ~~LEB~~ LEF , skal eigi njóta kosningaréttar um málefni ~~LEB~~ LEF eða við kjör trúnaðarmanna sambandsins nema sem fulltrúi eins félags á fundum ~~LEB~~ LEF.

**4. gr. Landsfundur**
4.1. Landsfundur ~~LEB~~ LEF fer með æðsta vald í málefnum sambandsins.
4.2. Landsfundur kemur saman ár hvert að vori til, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar .
4.3. Stjórn ~~LEB~~ LEF skal senda boð um um landsfund og staðarval rafrænt til aðildarfélaga og kynna á heimasíðu sambandsins með minnst 6 vikna fyrirvara.
4.4. Stjórn sendi dagskrá landsfundar og tillögur sínar með rafrænum hætti 3 vikum fyrir landsfund. ~~Dagskrá landsfundarins og tillögur, sem stjórn hyggst leggja fram, skulu fylgja fundarboði, sem og dagsetning og staðarval~~.
4.5. Tillögur ásamt greinargerð, sem aðildarfélög eða fulltrúar hyggjast leggja fyrir landsfund, skulu sendar stjórn ~~LEB~~LEF a.m.k. 2 vikum fyrir fundinn.
4.6. Minnst tveimur mánuðum fyrir landsfund skal stjórn skipa fimm manna uppstillingarnefnd sem gerir tillögur um fulltrúa í þau embætti stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanna og varaskoðunarmanna sem kjósa skal til á fundinum. Nefndin skal auglýsa á heimasíðu ~~LEB~~ LEF eftir fólki í þau embætti sem kjósa skal til á komandi landsfundi. Einnig geta aðildarfélögin komið tilnefningum og/eða uppástungum á framfæri við nefndina.Tillögur nefndarinnar skulu liggja frammi á skrifstofu sambandsins og á heimasíðu ~~LEB~~ LEF í minnst tvær vikur fyrir landsfund. Nefndin annast framkvæmd kosninga á landsfundi.
Þeir sem hyggjast bjóða sig fram til setu í stjórn LEF þurfa að tilkynna framboð sitt í síðasta lagi einni viku fyrir aðalfund. Þeir geta sent upplýsingar um sig til skrifstofu en upplýsingarnar þurfa að hafa borist skrifstofu einni viku fyrir aðalfund. Kynningarefni má að hámarki vera hálf blaðsíða A4 með Times New Roman 12.punkta letri auk myndar.
4.7. Minnst einum mánuði fyrir landsfund skal stjórn skipa þriggja manna kjörbréfanefnd. Nefndin yfirfer kjörbréf fyrir landsfundarfulltrúa og greinir frá niðurstöðu sinni á landsfundi.
4.8. Endurskoðaðir og áritaðir ársreikningar sambandsins ásamt skýrslu stjórnar skulu liggja frammi á skrifstofu sambandsins og á heimasíðu ~~LEB~~LEF í minnst eina viku fyrir landsfund.
4.9. Landsfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

**5. gr. Fulltrúar á landsfund ~~LEB~~ LEF**
5.1. Hvert aðildarfélag ~~kýs~~ velur fulltrúa til þess að sitja landsfund ~~LEB~~ LEF. ~~á aðalfundi sínum eða á almennum félagsfundi,sem skal boðaður með sama hætti og aðalfundur viðkomandi félags.~~

5.2. Hvert aðildarfélag kýs fulltrúa á landsfund þannig að fyrir 1 – 150 félagsmenn fær félag einn fulltrúa, séu félagsmenn 151 – 300 fær félagið 2 fulltrúa og síðan einn fulltrúa fyrir hverja ~~300~~ 500 félagsmenn ~~til viðbótar~~ eða brot úr þeirri tölu.
5.3. Jafnframt kosningu fulltrúa á landsfund skal kjósa jafn marga varafulltrúa og raða þeim.
5.4. Formaður aðildarfélags tilkynnir hverjir eru landsfundarfulltrúar þess á þar til gerðu rafrænu eyðublaði frá skrifstofu ~~LEB~~ LEF a.m.k. tveim vikum fyrir aðalfund.
5.5. Auk kjörinna fulltrúa til þátttöku á landsfundi eiga sitjandi stjórnarmenn LEB og varamenn þeirra og formenn fastanefnda ~~LEB~~ LEF seturétt á landsfundi.
5.6. Félagatal aðildarfélaga ~~LEB~~LEF skal miða við næstliðin áramót fyrir landsfund, enda hafi viðkomandi aðildarfélag staðið skil á greiðslu árgjalds til ~~LEB~~LEF í samræmi við það samkvæmt gr. 11.1.
5.7. Stjórn ~~LEB~~LEF getur krafist þess að skrá um atkvæðisbæra (skuldlausa) félaga fylgi kjörbréfum fulltrúa félags á landsfund, svo og kröfu um aukalandsfund samkvæmt 10. gr.

**6. gr. Dagskrá landsfundar**

6.1.
1. Kosning tveggja fundarstjóra og tveggja fundarritara.
2. Niðurstaða kjörbréfanefndar.
~~3. Skýrsla stjórnar um starfsemi sambandsins í liðnu starfsári.~~
4. Ársreikningur lagður fram til umræðna og afgreiðslu.
5. Starfs- og fjárhagsáætlun næsta starfsárs kynnt.
6. Ákvörðun árgjalds.
7. Tillögur um starfshópa fundarins.
8. Málefnastarf.
9. Samantekt starfshópa, afgreiðsla ályktana og tillagna.
10. Lagabreytingar.
11. Kosningar**:**
   a) kosning formanns til tveggja ára.
b) kosning tveggja manna í stjórn til tveggja ára.
c) kosning þriggja varamanna til eins árs. Verði sjálfkjörið skal röð varamanna koma skýrt fram.
d) kosning tveggja skoðunarmanna ársreikninga ~~LEB~~ LEF og tveggja til vara, allra til eins árs.
e) kosning nefnda sem starfa milli landsfunda.
12. Önnur mál.

6.2. Stjórn er heimilt að fjölga dagskrárliðum svo sem um afmörkuð hagsmunamál aldraðra og ávörp gesta.
6.3. Fundarstjórar og fundarritarar landsfundar ganga frá fundargerð landsfundar til stjórnar ~~LEB LEF, sem skal senda aðildarfélögum sambandsins fundargerðina innan mánaðar frá~~ landsfundi.
6.4. Komi ekki fram athugasemd frá aðildarfélögum innan tveggja vikna þaðan í frá skoðast fundargerðin samþykkt og skal fundargerðin þá vera aðgengileg félagsmönnum á heimasíðu landsambandsins og með öðrum hætti.

**7. gr. Stjórn ~~LEB~~ LEF**
7.1. Stjórn ~~LEB~~ LEF fer með æðsta vald sambandsins og annast daglegan rekstur þess milli landsfunda. Hún er skipuð 5 mönnum, formanni kosnum annað hvert ár, og á hverjum aðalfundi skal kjósa tvo menn til tveggja ára og þrjá varamenn til eins árs í stjórn.
7.2. Á fyrsta fundi eftir landsfund skal stjórn skipta með sér verkum og velja varaformann, ritara, og gjaldkera úr hópi aðalmanna.
7.3. Stjórn ~~LEB~~ LEF skal kappkosta að miðla upplýsingum um verkefni sambandsins til aðildarfélaganna þannig að þau geti jafnan sem best fylgst með framgangi og stöðu þeirra mála sem hún vinnur að.
7.4. Stjórn ~~LEB~~ LEF skal a.m.k. halda fjóra stjórnarfundi á almanaksári. Stjórnarfundir skulu boðaðir með viku fyrirvara.
7.5. Fundargerðir stjórnarfunda skulu færðar til bókar og staðfestar með undirritun formanns eftir samþykki stjórnar.
7.6. Stjórn ræður starfsfólk ~~LEB~~ LEF og semur um laun þeirra og starfskjör.
7.7. Stjórn ~~LEB~~ LEF skal ráða löggiltan endurskoðenda til eftirlits með reikningshaldi sambandsins.
7.8. Enginn stjórnarmaður skal sitja lengur en fjögur ár samfellt í stjórn ~~LEB~~ LEF.
7.9. Sá sem kosinn er formaður getur þó setið fjögur ár í því embætti, enda þótt hann hafi áður setið í stjórn sem aðalmaður. Á sama hátt getur stjórnarmaður setið fjögur ár samfellt í stjórn þó hann hafi áður verið varamaður.

**8.gr. Nefndir og ráð**
8.1. Þær nefndir sem kosnar eru á landsfundum skulu starfa á ábyrgð stjórnar ~~LEB~~ LEF.
8.2. Stjórnin getur sett þeim starfslýsingar og tímaramma og kallað eftir skýrslum um störf þeirra hvenær sem er á skipunartíma þeirra.
8.3. Stjórn ~~LEB~~ LEF, nefndir og ráð skulu ekki hafa með höndum félagslega starfsemi sem aðildarfélög þess sinna að jafnaði.

**9. gr. Aukalandsfundir ~~LEB~~** LEF
9.1. Krafa um boðun aukalandsfundar þarf að berast frá 1/3 hluta aðildarfélaga ~~LEB~~ LEF með tilgreindum ástæðum og tillögum til stjórnar ~~LEB~~ LEF.
9.2. Málefni sem teljast fullnægja kröfu um boðun aukalandsfundar eru málefni sem hafa veruleg áhrif til skerðingar á hagsmunum eldri borgara eða starfsemi ~~LEB~~ LEF.
9.3. Aukalandsfundur skal kallaður saman með minnst tveggja vikna fyrirvara.
9.4. Fundurinn getur aðeins fjallað um þau málefni, sem voru tilefni þess að hann var boðaður, nema fundurinn samþykki annað með 2/3 greiddra atkvæða fulltrúa.
9.5. Hafi nýir fulltrúar ekki verið kosnir í félögum, skulu sömu fulltrúar (varafulltrúar) og á síðasta reglubundna landsfundi fara með umboð félags.

**10 gr. Atkvæðagreiðslur og fundarsköp**
10.1. Um stjórn funda ~~LEB~~ LEF gilda almenn fundarsköp.
10.2. Meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum við kosningar og afgreiðslu almennra mála á landsfundum og aukalandsfundum. Þó geta fimm aðildarfélög eða 8% þingfulltrúa hið

# Tillögur stjórnar LEB að lagabreytingum frh.

minnsta óskað eftir að atkvæðavægi aðildarfélaga fari eftir félagafjölda hvers félags og ráði úrslitum í þeim málum sem varða verulegar fjárhagslegar skuldbindingar eða stefnumarkandi ákvarðanir. Um breytingar á lögum sambandsins fer þó samkvæmt 14. gr. og um sambandsslit samkvæmt 15. gr.

**11. gr. Fjármál**

11.1. Aðildarfélög ~~LEB~~ LEF skulu greiða árgjöld til sambandsins af öllum félagsmönnum sínum m.v. síðustu áramót. Landsfundur ákveður upphæð árgjalds.
11.2. Stjórn ~~LEB~~ LEF ber ábyrgð á fjármálum og öllum rekstri sambandsins.
11.3. Allar ákvarðanir um óregluleg útgjöld og fjárhagslegar skuldbindingar sambandsins skulu teknar á formlegum stjórnarfundum ~~LEB~~ LEF.
11.4. Stjórn ~~LEB~~ LEF skal leitast við að haga rekstri í samræmi við tekjur af félagsgjöldum, framlögum og styrkjum.
11.5. Reikningsár sambandsins er almanaksárið. Ársreikninga hvers árs skal leggja fram á stjórnarfundi á fyrsta ársfjórðungi nýs árs, áritaða af löggiltum endurskoðenda og skoðunarmönnum reikninga sambandsins.
11.6. Stjórn ~~LEB~~ LEF ber að beita sér fyrir öflun styrktaraðila.

**12. gr. Ferða- og dvalarkostnaður**

12.1. Útlagður ferða- og dvalarkostnaður vegna fulltrúa á landsfundi greiðist allt að hálfu af ~~LEB~~ LEF eftir athugun og ákvörðun stjórnar.
12.2. Ferða- og dvalarkostnaður fulltrúa í nefndum, sem starfa á vegum stjórnar ~~LEB~~ LEF, skal greiddur af sambandinu eftir athugun og ákvörðun stjórnar.

**13 gr. Kynningar- og útgáfumál ~~LEB~~ LEF**

13.1. Stjórn ~~LEB~~LEF ber ábyrgð á kynningarmálum sambandsins.
13.2. Stjórnin metur eftir aðstæðum hvort kynningarmálum er sinnt á vefrænan hátt eða með útgáfustarfi.

**14. gr. Lagabreytingar**

14.1. Stjórn og/eða aðildarfélög geta lagt fram tillögur til lagabreytinga.
14.2. Tillögur til lagabreytinga skulu sannanlega hafa borist stjórn ~~LEB~~LEF með tveggja mánaða fyrirvara fyrir landsfund og er þá stjórn skylt að kynna þær aðildarfélögum í fundarboði og leggja þær fram á landsfundi.
14.3 Lögum þessum verður ekki breytt nema með samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða landsfundarfulltrúa.

**15. gr. Sambandsslit**

15.1.Tillaga um slit ~~LEB~~LEF skal kynnt stjórn ~~LEB~~LEF og aðildarfélögum með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara fyrir boðaðan landsfund.
15.2. Við afgreiðslu tillögunnar þarf samþykki ¾ hluta atkvæðisbærra fulltrúa á landsfundi.
15.3. Verði tillaga um slit ~~LEB~~ LEF samþykkt á landsfundi skal stjórn ~~LEB~~ LEF þá sitja áfram og boða til aukalandsfundar fjórum til sex mánuðum síðar til lokaafgreiðslu tillögu um slit sambandsins.

15.4.Verði tillaga um slit samþykkt á síðari landsfundi skal leggja niður starfsemi landssambandsins og skulu það vera lögleg félagsslit.
15.5. Verði ~~LEB~~ LEF þannig löglega lagt niður skulu eigur þess renna til stofnunar, stofnana eða aðildarfélaga ~~LEB~~LEF sem stuðla að velferð aldraðra, eftir nánari ákvörðun aukalandsfundar sambandsins eða nefndar sem aukalandsfundur kýs til að ganga formlega frá félagsslitum.

**16. gr. Gildistaka**
16.1. Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin eldri lög ~~LEB~~LEF.

*Lög LEB sem eru í gild voru samþykkt á aðalfundi LEB 30.06.2020.* Tillögur að breytingum eru rauðar og eldri texti er þá yfirstrikaður,

# Tillögur uppstillingarnefndar vegna stjórnar og trúnaðarstarfa

**Formaður – til 2ja ára**

**Helgi Pétursson** *kosinn fyrst 2021*

**Stjórn kosin – til 2ja ára**

**Dría Sigfúsdóttir** Reykjanesbær, *kosin fyrst 2021*

**Þorbjörn Guðmundsso**n Reykjavík, *kosinn fyrst 2021*

*(Sigrún C. Haldórsdóttir Ísafjörður kosin 2022)*

*(Ingibjörg Sverrisdóttir Reykjavík kosin 2020/2022)*

**Varastjórn – til 1 árs allir**

**Ásgerður Pálsdóttir** Blönduós *kosin fyrst 2022*

**Jónas Sigurðsson** Mosfellsbær *kosinn fyrst 2022*

**Magnús Jóhannes Magnússon** Selfoss *Nýtt framboð*

**Skoðunarmenn reikninga – til 1 árs**

**Ástbjörn Egilsson**

**Hildigunnur Hlíðar**

**Vara skoðunarmenn reikninga – til 1 árs**

**Guðrún Ágústsdóttir**

**Sverrir Kaaber**

Í uppstillingarnefnd LEB 2023 sitja:
Ragnar Jónasson Kópavogur, formaður
Hallgrímur Gíslason Akureyri
Viðar Eggertsson Reykjavík

LEB
Landssamband
eldri borgara

Landssamband eldri borgara | www.leb.is | leb@leb.is